

Nr. 1257

23. desember 2008

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bergþóru Árnadóttur söngvaskálds.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bergþóru Árnadóttur söngvaskálds. Bergþóra Árnadóttir fæddist 15. febrúar 1948 og lést 8. mars 2007. Sjóðurinn er stofnaður í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 og reglugerðar nr. 140/2008 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því að tónlist og minning Bergþóru lifi meðal þjóðarinnar. Einnig getur sjóðurinn stutt útgefíð prentað efni þar sem minningu Bergþóru eru gerð skil.

3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing eru í Reykjavík.

4. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af dóttur og syni Bergþóru, Birgittu Jónsdóttur, kt. 170467-3539 og Jóni Tryggva Jónssyni, kt. 010472-5049. Þau leggja fram stofnfé sjóðsins sem er 740.000 kr., – sjö-hundruð-og-fjörtíuþúsund krónur – sem fengið var með tónleikahaldi og styrkjum á árinu 2008.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa Birgitta Jónsdóttir, Jón Tryggvi Jónsson, Þorvaldur Ingi Jónsson, kt. 030358-2529, Hjörleifur Valsson, kt. 260970-4889 og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, kt. 220755-4959. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórn. Hverfi menn úr stjórn skal meirihluti stjórnar tilnefna nýjan stjórnarmann.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörlu sjóðsins, tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð.

Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru af tónleikahaldi, frjálsum framlögum, vöxtum og arði af eignum sjóðsins og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur verður gerður fyrir árið 2008 en fyrsta heila reikningsárið verður 2009. Reikningar hans skulu endurskoðaðir árlega af skoðunarmanni sem valinn er af stjórn og lagður fyrir stjórn sjóðsins sem sendir þá Ríkisendurskoðun í

Nr. 1257

23. desember 2008

samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 og reglugerðar nr. 140/2008 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eigum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkóki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 23. desember 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2009